

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Baggi ehf.
kt. 630801-2490

Starfsstöð: Bragðavellir, 766 Djúpivogur
Fastanúmer: 253-0145

Leyfið gildir frá 16. september 2025 til 16. september 2037

Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- Tjald- og hjólhýsastæði

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti m.s.br.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi skal vera aðgengilegt á starfsstöð.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða ef breytingar verða á aðalskipulagi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Ólöf Vilbergsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi



HAUST

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Starfsleyfisskilyrði

Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Baggi ehf., kt. 630801-2490

Starfsstöð: Bragðavellir, 766 Djúpivogur

Fastanúmer: 253-0145

Leyfið gildir frá 16. september 2025 til 16. september 2037

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- Tjald- og hjólahýsastæði**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 15. júlí 2025.

Lög sem um starfsemina gilda eru meðal annars

- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda svo sem

- Reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti m.s.br.*

1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda.

1.1. Tjald- og hjólahýsastæði

Um er að ræða starfsleyfi fyrir tjald- og hjólahýsastæði fyrir allt að 350 gesti og 50 stæði fyrir hjólhýsi og aðra ferðavagna með tengingu við rafmagn. Fjöldi salerna á svæðinu er 6 og sturtur eru 6. Einnig verður 1 salerni með sturtu fyrir fatlaða. Í þjónustuhúsi eru salernin, ræstigeymsla og aðstaða til að matast. Aðstaða til uppþvotta er utan á þjónustuhúsi. Á staðnum er losunarstaður fyrir ferðasalerni.

Meðal annars skal farið eftir:

- Fylgiskjal 1. Starfsleyfisskilyrði fyrir hjólhýsa- smáhýsa- og tjaldsvæði.*

2. Annað sem varðar starfsemina.

2.1. Vatnsveita

Um er að ræða einkavatnsveitu Bragðavalla með starfsleyfi frá Heilbrigðisnefnd Austurlands.

Um vatnsveitur gildir meðal annars:

- Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.*

2.2. Fráveita

Fráveita frá þjónustuhúsi fer í 7000 L rotþró með siturlögn. Losun ferðasalerna fer safnþró sem verður tæmd sérsaklega.

Nauðsynlegt er að fylgjast reglulega með virkni fráveitukerfisins og tæma rotþró og safnþró eins oft og þurfa þykir, alla jafnan annað hvert ár. Athygli er vakin á því að þeir einir mega taka að sér að tæma rotþrær sem hafa gilt starfsleyfi vegna meðhöndlunar á seyru.

Um fráveitur gilda meðal annars:

- *Reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru*
- *Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp*

2.3. Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um.

Um úrgang gilda meðal annars:

- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni*

2.4. Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt.

16. september 2025
Virðingarfyllst,
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Ólöf Vilbergsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

16. september 2025

Baggi ehf.
Bragðavöllum
766 Djúpavogi

Varðar útgáfu starfsleyfis fyrir tjald- og hjólhýsastæði

Heilbrigðiseftirlit Austurlands hefur gefið út starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands fyrir tjald- og hjólhýsastæði skv. umsókn dags. 17. júlí sl. og er starfsleyfið hér meðfylgjandi.

Flokkun starfseminnar, eftirlitstíðni og gjaldtaka samkvæmt gjaldskrá HAUST nr. 12/2025 m.s.br. er sem hér segir.

ÍSAT NR.	Heiti atvinnugreinar	Tíðni eftirlits	Árlegt eftirlitsgjald
55.22.0.2	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, miðlungs	0,5	28.000
Árlegt eftirlitsgjald er með afslætti vegna samnýtinga ferða			17.500 kr.

Starfsleyfisgjald er 32.000 kr. samkvæmt áðurnefndri gjaldskrá HAUST. Reikningur í samræmi við það verður sendur á næstunni.

Ef aths. eða fyrirspurnir vakna vegna starfsleyfis, fylgigagna eða þessa bréfs, sem og ef fyrirtækið hefur ástæðu til að neyta andmælaréttar skv. stjórnslulögum 37/1993 skal það gert skriflega innan 14 daga frá dagsetningu þessa bréfs.

Virðingarfyllst,



Ólöf Vilbergsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR hjólhýsa-, smáhýsa- og tjaldsvæði

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

	Reglug. nr.	Uppfyllt
1.1 Skilyrði þessi gilda fyrir rekstur tjald-, smáhýsa- og hjólhýsasvæða sem ætluð eru ferðamönnum til dvalar gegn gjaldi.	1277/2016 18.gr. 941/2002 7. gr.	
1.2 Svæðið og byggingar á því skulu hafa hlotið samþykki skipulags- og byggingaryfirvalda.	941/2002 13.gr.	
1.3 Þess skal sérstaklega gætt við staðsetningu að dvalargestir verði ekki fyrir utanaðkomandi ónæði og að ónæði berist ekki frá svæðinu til nálæggra íbúa.	941/2002 14.gr.	
1.4 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	941/2002 14.gr.	
1.5 Upplýsingar um umsjónaraðila og neyðarnúmer 112 skulu vera sýnilegar dvalargestum, ásamt umgengnisreglum er m.a. taka til aksturs, hávaða, meðferð úrgangs o.fl.	1277/2016 23.gr.	
1.6 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.	941/2002 14.gr.	
1.7 Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.	941/2002 14.gr.	

2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

	Reglug. nr.	Uppfyllt
2.1 Húsnæði skal vera vel viðhaldið. Húsnæði skal vera aðskilið frá óskyldri starfsemi eða íbúð.	941/2002 14.gr.	
2.2 Á svæðinu skal vera aðstaða til uppvotta.	941/2002 32.gr.	
2.3 Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.	941/2002 14.gr.	

2.4	Læst og loftræst ræstiaðstaða skal vera til staðar. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.	941/2002 14.gr.	
2.5	Á tjald- og hjólhýsasvæðum skal fjöldi salerna að lágmarki vera ein fullbúin snyrting fyrir 25 gesti, þar sem tekið er tillit til þarfa fatlaðs fólks. Fyrir 26-100 gesti skulu vera tvö salerni og tekið tillit til þarfa fatlaðs fólks a.m.k. varðandi annað salernið. Fyrir hverja 50 gesti umfram 100 skal vera eitt salerni. Þvagstæði geta komið að 1/3 hluta fyrir salerni karla. Fjöldi handlauga skal vera í samræmi við fjölda salerna.	941/2002 Fylgiskjal 2.	
2.6	Vatnskerfi skal vera þannig að ekki sé hætt á húðbruna almenns notanda. Uppfylla skal kröfur um öryggi vatns í samræmi við 14.5.10. gr. byggingarreglugerðar.	941/2002 14.gr.	
2.7	Á svæðinu eða í námunda þess skal vera aðstaða til að tæma og hreinsa ferðasalerni. Rekstraraðili skal veita upplýsingar um og vísa á aðstöðuna.	941/2002 32 gr.	

3. HREINLÆTI OG ÞRIF

		Reglug. nr.	Uppfyllt
3.1	Rekstraraðili skal sjá um að umgengni sé góð og svæðinu haldið snyrtilegu.	941/2002 14.gr.	
3.2	Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.	941/2002 14.gr.	
3.3	Loftræsikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustubók eða samsvarandi leiðbeiningar skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.	941/2002	
3.4	Fara skal að ákvæðum laga um tóbaksvarnir, eftir því sem við á.	Lög nr. 6/2002	

4. Smáhýsi

		Reglug. nr.	Uppfyllt
4.1	Smáhýsi eru varanleg jarðföst hús notuð til gistingar, án salernis eða eldunaraðstöðu.		
4.2	Ef rúmstæði eru í húsinu skulu þau vera eigi minni en 90x200 cm að stærð. Kojur skulu vera skv. staðli ÍST EN 747-1:1993.		

5. Leikvallatæki og leiksvæði

	Reglug. nr.	Uppfyllt
5.1 Um leikvallatæki og leiksvæði gildir reglug. nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.	942/2002	

6. UMHVERFISMÁL

	Reglug. nr.	Uppfyllt
6.1 Aðkoma og lóð skal vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.	941/2002 14 gr. og 18.gr.	
6.2 Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og flokka úrgang til endurvinnslu samkvæmt reglum viðkomandi sveitarfélags. Spilliefnum skal komið til viðurkenndra móttökustöðva.	737/2003 806/1999	
6.3 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp.	798/2002	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

- Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.s.br.
- Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, m.s.br.
- Reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.
- Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, m.s.br.
- Efnalög nr. 61/2013 og reglugerðum sem á þeim byggja.
- Reglugerð um spilliefni nr 806/1999 breytt með reglugerð nr. 169/2002.
- Reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.
- Lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir.
- Lögum nr. 93/1995 um matvæli.
- Reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli.
- Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, m.s.br.
- Lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
- Reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
- Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- Byggingarreglugerð nr. 112/2012 m.s.br.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT):